

## Hluthafafundur í Kaldalóni hf.

Miðvikudaginn 25. maí 2022, kl. 17:00, er haldinn hluthafafundur í Kaldalóni hf., kt. 490617-1320, („félagið“) að Bankastræti 2, Reykjavík.

Almar Möller, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna en boðað var til fundarins að beiðni hluthafa, þ.e. Skel fjárfestingafélags hf., sem fer með 18,05% hlutafjár í féluginu. Fór Almar stuttlega yfir dagskrá fundarins. Að því loknu lagði hann til að Bjarki Diego yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Tók þá fundarstjóri við stjórn fundarins og lagði til að Tómasi Magnúsi Þórhallssyni yrði falin ritun fundargerðar og var það samþykkt.

Fór fundarstjóri þá yfir boðun fundarins og fundarsókn, en mætt var fyrir hönd hluthafa sem ráða yfir 66,06% hlutafjár félagsins. Þar sem fundarboð er í samræmi við lög og samþykktir félagsins lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

Var þá tekið til fundarstarfa. Upplýsti fundarstjóri að skv. fundarboði væru eftirfarandi mál á dagskrá fundarins:

- (1) Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins.
- (2) Breyting á samþykktum félagsins.

Því næst kynnti fundarstjóri tillögur sem lágu fyrir fundinum.

### 1. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins

Eftirtaldir aðilar hafa gefið kost á sér sem stjórnarmenn félagsins:

Álfheiður Ágústsóttir;  
Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason;  
Gunnar Henrik Gunnarsson;  
Kristín Erla Jóhannsdóttir; og  
Magnús Ingi Einarsson

og eftirtaldir aðilar hafa gefið kost á sér í varastjórn félagsins:

Hildur Leifsdóttir.

Ekki hafa komið fram önnur framboð til stjórnar innan þeirra tímamarka sem samþykktir félagsins áskilja og voru framangreindir aðilar því sjálfkjörnir í stjórn og varastjórn félagsins. Er stjórn félagsins því nú skipuð fimm aðilum í stað þriggja ásamt varamanni, til samræmis við grein 4.1 í samþykktum félagsins.

## **2. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins**

Fyrir fundinum lá tillaga um breytingu á grein 2.3 í samþykktum félagsins. Samkvæmt núverandi grein 2.3 er stjórn félagsins heimilt að hækka hlutafé félagsins um kr. 4.415.297.415 að nafnvirði. Fyrir fundinum liggar tillaga um að stjórn félagsins verði heimilt að hækka hlutafé félagsins um kr. 7.000.000.000 sem gilda skal til 25. maí 2027.

Því er gerð sú tillaga um að grein 2.3 verði svohljóðandi:

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 7.000.000.000 krónum – (sjö milljarðar krónur) að nafnverði. Stjórn skal ákveða gengi nýrra hluta. Hækkunarheimild samkvæmt þessu gildir til 25. maí 2027. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt að nýjum hlutum, útgefnum samkvæmt ákvæði þessu, heldur skal stjórn heimilt að selja þá fjárfestum. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum að öðru leyti gilda um nýja hluti vegna þessarar hækkunar og bera nýir hlutir réttindi í félaginu frá og með ákvörðun stjórnar um útgáfu þeirra, þó aldrei fyrr en hlutir eru að fullu greiddir. Hina nýju hluti skal greiða fyrir með reiðufé, hlutafé og/eða með kröfum samkvæmt hvers konar skuldaviðurkenningum, þ.m.t. lánssamningum, eftir því sem stjórn ákveður hverju sinni. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun.

*The Company's Board of Directors may increase the company's share capital by up to ISK 7,000,000,000 (seven billion kronas) at nominal value. The Board of Directors shall determine the exchange rates of new shares. The authorization according to this article applies until 25 May 2027. Shareholders shall not have priority rights over new shares, issued under this provision, but the Board shall be permitted to sell them to investors. The same provisions on the rights of shares stipulated in these Articles otherwise apply to new shares as a result of this increase and these new shares in the Company shall carry rights from the decision of the Board of Directors on their issuance, although never until the shares are fully paid. The new shares must be paid for by cash, equity and/or with claims under any debt recognition, including loan agreements, as determined by the Board at any given time. The Board of Directors may amend these Articles of Association in accordance with the resulting share capital increase.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **3. Önnur mál löglega fram borin**

Engin tillaga lá fyrir fundinum um önnur mál og enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundurinn veitti fundarstjóra heimild til þess að rita undir fundargerðina og afhenda á skrifstofu félagsins þar sem hluthafar munu hafa aðgang að fundargerðinni.


Þá var lagt til að BBA//Fjeldco væri falið að tilkynna um ákvarðanir fundarins til fyrirtækjaskrár Skattsins og senda til fyrirtækjaskrár nýjar samþykktir félagsins. Var það samþykkt samhljóða.

Fleira gerist ekki og var fundi slitið kl. 17:20.

Ofangreint staðfestist hér með.

Reykjavík, 25. maí 2022

  
\_\_\_\_\_  
Bjarki H. Diego  
fundarstjóri

  
\_\_\_\_\_  
Tómas Magnús Þórhallsson  
fundarritari